

Kartöflur¹

Kartafla eða jarðepli er fjölær jurtt af náttskuggaætt sem er mikið ræktuð fyrir sterkjurik hnýði á neðanjarðarreglum. Kartöflur eru í fjórða sæti yfir mest ræktuðu ferskvöru heims (á eftir hrísgrjónum, hveiti og máis).



Kartöflur eru upprunnar í Andesfjöllum (nánar tiltekið í suðurhluta Perú, rétt norðan við Titikakavatn) samkvæmt nýlegri rannsókn. Frá Suður-Ameríku barst kartaflan til Evrópu með spænskum og portúgölskum landvinningamönnum á síðari hluta 16. aldar. Kartaflan er undirstöðuhræfni í evrópskri matargerð og Evrópubúar og Bandaríkjamenn eru enn mestu kartöfluneytendurnir. Árið 2008 var ár kartöflunnar, en á hverju ári tileinka Sameinuðu þjóðirnar árið einhverju málefni sem varðar heill mannkyns. Ástæðan fyrir valinu er sú að kartaflan er talin geta hjálpað til að ná einu af átta þúsaldarmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna sem er að fækka þeim sem líða skort og hungur um helming vegna fátæktar fyrir árið 2015.

- Kartöflur eru framreiddar á ýmsan hátt, heitar og kaldar, afhýddar eða með hýði, heilar eða í bitum.
- Nauðsynlegt er að sjóða þær, steikja eða þaka fyrst til að brjóta sterkjuna niður.
- Með útbreiðslu skyndibitamennningar frá Norður-Ameríku hafa kartöflufloður og franskir kartöflur orðið þekktar um allan heim.

NOKKRAR ALGENGAR TEGUNDIR AF KARTÖFLUM

Heiti	Lögun	Áferð
Doré	Ávöl	Mjölmikil
Eyvindur	Hnöttótt	Mjölmikil
Gullauga	Hnöttótt	Mjölmikil
Premiere	Ávöl	Mjölmikil
Rauðar íslenskar	Hnöttótt	Mjölmikil
Bintje	Ávöl	Þétt



TÍU HELSTU FRAMLEIÐSLULÖND KARTAFLNA²

1.	Kína _____	70,4
2.	Rússland _____	38,517
3.	Indland _____	23,91
4.	Bandaríkin _____	19,71
5.	Úkraína _____	19,427
6.	Þýskaland _____	10,03
7.	Pólland _____	8,98
8.	Hvíta-Rússland _____	8,33
9.	Holland _____	6,5
10.	Frakkland _____	6,35

Heimild: *Wikipedia*. 2016

¹ Á næstu þremur áratugum er áætlað að auka þurfi matvæla- og landbúnaðarframleiðslu á heimsvísu um 60% til að mæta þörfum vaxandi þéttbýlismyndunar og órrar fólksfjölgunar.

² Magn í milljónum tonna.